

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/35/EB

2005/EES/16/23

frá 29. júní 2000

um áttak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾ á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 4. maí 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ályktun sinni um samþætta áætlun í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja ⁽⁴⁾ hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til þess að leggja fram tillögur um það hvernig bregðast skuli við vandamálum í tengslum við greiðsludrátt.
- 2) Hinn 12. maí 1995 samþykkti framkvæmdastjórnin tilmæli um greiðslufrest í verslunarviðskiptum ⁽⁵⁾.
- 3) Í ályktun sinni um tilmæli framkvæmdastjórnarinnar um greiðslufrest í verslunarviðskiptum ⁽⁶⁾ fór Evrópuþingið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún íhugaði að breyta tilmælum sínum í tillögu að tilskipun ráðsins og legði hana fram eins skjótt og auðið væri.
- 4) Hinn 29. maí 1997 samþykkti efnahags- og félagsmálanefndin álitgerð um grænbók framkvæmdastjórnarinnar um opinber innkaup í Evrópusambandinu: Könnun leiða fram á við ⁽⁷⁾.
- 5) Hinn 4. júní 1997 birti framkvæmdastjórnin aðgerða-áætlun um einn óskiptan markað þar sem undirstrikað er að greiðsludráttur sé að verða æ alvarlegri hindrun í veginum fyrir því að sameiginlegi markaðurinn skili árangri.
- 6) Hinn 17. júlí 1997 birti framkvæmdastjórnin skýrslu um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum ⁽⁸⁾ þar sem teknar eru saman niðurstöður mats á áhrifum tilmæla hennar frá 12. maí 1995.
- 7) Alltof langur greiðslufrestur og greiðsludráttur hefur í för með sér að fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór, þurfa að bera þungar, stjórnunarlegar og fjárhagslegar byrðar. Þessi vandamál eru að auki ein helsta ástæðan fyrir gjaldþrotum sem getur leitt til þess að fyrirtæki leggi upp laupana og fjölmörg störf verði lögð niður.
- 8) Í nokkrum aðildarríkjum er samningsbundinn greiðslufrestur afar frábrugðinn því sem gengur og gerist í Bandalaginu.
- 9) Mismunur á reglum og venjum í aðildarríkjunum, að því er varðar greiðslur, er hindrun í vegi eðlilegrar starfsemi innri markaðarins.
- 10) Þetta hefur þau áhrif að takmarka verulega verslunarviðskipti milli aðildarríkjanna. Það stangast á við ákvæði 14. gr. sáttmálans því að atvinnurekendur eiga að geta stundað viðskipti á öllum innri markaðnum án þess að viðskipti yfir landamæri feli í sér meiri áhættu en sala á heimamarkaði. Röskun á samkeppni myndi fylgja í kjölfar þess að gjörólíkar reglur giltu um viðskipti á heimamarkaði annars vegar og viðskipti yfir landamæri hins vegar.
- 11) Nýjustu hagtölur benda til þess að í besta falli hafi ástandið í mörgum aðildarríkjum ekki batnað að því er varðar greiðsludrátt frá því að tilmælin frá 12. maí 1995 voru samþykkt.
- 12) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðinu um að berjast gegn greiðsludrætti á innri markaðnum svo vel sé er því betur náð innan Bandalagsins. Með þessari tilskipun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði. Þessi tilskipun er því í heild sinni í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna eins og mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans.
- 13) Tilskipun þessi skal vera bundin við greiðslur sem eru þóknun fyrir verslunarviðskipti og tekur ekki til viðskipta við neytendur, vaxta í tengslum við aðrar greiðslur, t.d. greiðslna samkvæmt lögum um ávisanir og víxla, eða skaðabótageiðslna, þ.m.t. greiðslna frá tryggingafélagum.
- 14) Enda þótt menntastéttirnar falli undir gildissvið þessarar tilskipunar þurfa aðildarríkin ekki að meðhöndla þá sem þeim tilheyrja sem fyrirtæki eða kaupmenn á öðrum sviðum en þeim sem falla undir þessa tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XII. viðauka (Frjalsir fjármagnsflutningar), sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 39, 31.7.2003, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 168, 3.6.1998, bls. 13, og Stjtið. EB C 374, 3.12.1998, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 407, 28.12.1998, bls. 50.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. september 1998 (Stjtið. EB C 313, 12.10.1998, bls. 142), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. júlí 1999 (Stjtið. EB C 284, 6.10.1999, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. desember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. júní 2000 og ákvörðun ráðsins frá 18. maí 2000.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 323, 21.11.1994, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 127, 10.6.1995, bls. 19.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 211, 22.7.1996, bls. 43.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 287, 22.9.1997, bls. 92.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB C 216, 17.7.1997, bls. 10.

- 15) Í þessari tilskipun er hugtakið „aðfararhæfur úrskurður“ skilgreint en hvorki kveðið á um reglur um málsmeðferð við fullnustu slíkra úrskurða né skilyrði stöðvunar eða frestunar fullnustu.
- 16) Greiðsluráttur er brot á samningi sem er fjárhagslega hagstæður fyrir skuldunauta í flestum aðildarríkjum sökum lágra vaxta af greiðslurætti og/eða hægvirkrar innheimtuaðferðar. Ákveðin breyting, þ.m.t. bætur til lánardrottna vegna kostnaðar sem stofnað er til, er nauðsynleg til að snúa þessari þróun við og tryggja að afleiðingar greiðsluráttar hvetji ekki til dráttar á greiðslum.
- 17) Hæfilegar bætur vegna innheimtukostnaðar hafa ekki áhrif á innlend ákvæði, sem innlendir dómari getur dæmt eftir til að veita lánardrottni frekari bætur fyrir skaða sem greiðsluráttur skuldunautar hafur valdið, en einnig ber að taka til greina að bætur vegna kostnaðar, sem stofnað er til, kunna að hafa verið greiddar í formi vaxta vegna greiðsluráttar.
- 18) Í þessari tilskipun er tekið tillit til vandamálsins sem snýst um langan, samningsbundinn greiðslufrest og einkum að til eru tilteknir flokkar samninga þar sem lengri greiðslufrestur kann að vera réttlætunlegur í tengslum við takmörkun á samningsrétti eða hærrí vexti.
- 19) Með þessari tilskipun skal banna misnotkun samningsréttar lánardrottnei í óhag. Sé megintilgangur með samningi sá að útvega skuldunauti meira lausafé á kostnað lánardrottins eða setji aðalverktaki birgjum og undirverktökum greiðsluskilmála, sem ekki eru sanngjarnir á grundvelli þeirra skilmála sem honum eru sjálfum settir, getur slíkt talist vera misnotkun. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á innlend ákvæði um samningsgerð eða um gildi samningsákvæða sem eru ósanngjörn í garð skuldunautar.
- 20) Afleiðingar greiðsluráttar hafa einungis letjandi áhrif ef lánardrottinn geta beitt innheimtuaðferðum sem eru skjótvirkar og skilvirkar. Í samræmi við meginregluna um bann við mismunun, sem er að finna í 12. gr. sáttmálans, ætti slík málsmeðferð að vera tiltæk öllum lánardrottnum sem hafa staðfestu í Bandalaginu.
- 21) Æskilegt er að sjá til þess að lánardrottinn eigi þess kost að láta áframhaldandi eignarhald gilda án mismununar í öllu Bandalaginu ef ákvæðið um áframhaldandi eignarhald er virkt samkvæmt gildandi ákvæðum landslaga sem eru sett á grundvelli alþjóðlegs einkamálaréttar.
- 22) Tilskipun þessi skal taka til allra verslunarviðskipta milli fyrirtækja eða milli fyrirtækja og opinberra yfirvalda, með hliðsjón af þeirri staðreynd að þau síðarnefndu inna af hendi fjölmargar greiðslur til

fyrirtækja. Hún skal því einnig taka til allra viðskipta milli aðalverktaka og birgja þeirra og undirverktaka.

- 23) Samkvæmt 5. gr. þessarar tilskipunar er ætlast til þess að innheimtu vegna óvefengdra krafna ljúki á skömmum tíma í samræmi við innlenda löggjöf en ekki er þó ætlast til þess að aðildarríkin samþykki sérstaka málsmeðferð til að breyta núgildandi dómsmeðferð á tiltekinn hátt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Tilskipun þessi gildir um allar greiðslur sem eru þóknun fyrir verslunarviðskipti.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „verslunarviðskipti“: viðskipti milli fyrirtækja eða milli fyrirtækja og opinberra yfirvalda, sem fela í sér afhendingu á vörum eða þjónustustarfsemi gegn þóknun,

„opinber yfirvöld“: samningsyfirvald eða -stofnun, eins og skilgreint er í tilskipunum um opinber innkaup (92/50/EBE ⁽¹⁾, 93/36/EBE ⁽²⁾, 93/37/EBE ⁽³⁾ og 93/38/EBE ⁽⁴⁾),

„fyrirtæki“: sérhver eining sem kemur fram í krafti sjálfstæðrar atvinnustarfsemi sinnar eða sérfræðistarfa, jafnvel þótt störfín séu aðeins unnin af einum einstaklingi,

2. „greiðsluráttur“: ekki er staðið við samningsbundinn eða lögboðinn greiðslufrest,

3. „áframhaldandi eignarhald“: samningskjör sem fela í sér að seljandi hefur áfram eignarhald á viðkomandi vörum þar til greitt hefur verið fyrir þær að fullu,

4. „vextir sem Seðlabanki Evrópu notar við miklar skuldbreytingaraðgerðir“: vextir sem eru notaðir við slíkar aðgerðir í tengslum við útboð með föstum vöxtum. Ef mikilli skuldbreytingaraðgerð er beitt samkvæmt útboðsaðferð með breytilegum vöxtum eru þeir vextir ákvarðaðir með vísan til þeirra lágmarksvaxta sem leiddu af viðkomandi útboði. Þetta á við um uppboð, miðað við bæði fasta vexti og breytilega vexti,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 199, 9.8.1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 199, 9.8.1993, bls. 54.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84.

5. „aðfararhæfur úrskurður“: ákvörðun, dómur eða fyrirmæli um greiðslu, sem dómstóll eða annað lögbært yfirvald gefur út, hvort sem um er að ræða tafarlausu greiðslu eða greiðslu með afborgunum, en þannig getur lánardrottinn látið innheimta kröfu hjá skuldunauti sínum með fullnustu úrskurðar. Undir þetta fellur ákvörðun, dómur eða fyrirmæli um greiðslu sem er aðfararhæf til bráðabirgða og verður það áfram, jafnvel þótt skuldunauturinn áfrýji.

3. gr.

Vextir af greiðsludrætti

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

- a) að vexti, í samræmi við d-lið, skuli greiða frá deginum eftir síðasta greiðsludag eða lok þess greiðslufrests sem tilgreindur er í samningnum,
- b) að, sé greiðsludagur eða -frestur ekki tiltekinn í samningnum, skuli vextir greiddir sjálfkrafa án þess að nauðsynlegt sé að senda áminningu:
 - i) 30 dögum eftir að skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu, eða
 - ii) 30 dögum eftir móttöku vöru eða þjónustu ef vafi leikur á hvenær tekið var við reikningnum eða sambærilegum tilmælum um greiðslu, eða
 - iii) 30 dögum eftir móttöku vöru eða þjónustu ef skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu áður en hann fær vörurnar eða þjónustuna, eða
 - iv) 30 dögum eftir síðari dagsetninguna ef í lögum eða í samningnum er kveðið á um málsmeðferð við viðurkenningu eða sannpröfun, sem fara skal eftir þegar gengið er úr skugga um að vörurnar eða þjónustan samræmist samningnum, og skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu fyrir þann dag eða á þeim degi sem slík viðurkenning eða sannpröfun á sér stað,
- c) að lánardrottinn eigi rétt á vöxtum af greiðsludrætti að því marki sem:
 - i) hann stendur við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi eða lögum, og
 - ii) hann fær ekki gjaldfallna fjárhæð greidda á réttum tíma, nema skuldunauturinn beri ekki ábyrgð á töfnni,
- d) að fjárhæð vaxta af greiðsludrætti („lögboðnir vextir“), sem skuldunauti ber að greiða, skuli vera samtala vaxta sem Seðlabanki Evrópu notaði við síðustu mikilvægu skuldbreytingaraðgerð sem átti sér stað fyrir fyrsta almanaksdag á umræddu misseri („viðmiðunarvextir“), að viðbættum a.m.k. sjö prósentustigum („vaxtaálag“), nema kveðið sé á um annað í samningnum. Að því er varðar aðildarríki, sem tekur ekki þátt í þriðja áfanga Efnahags- og myntbandalagsins, eru viðmiðunarvextirnir, sem um getur hér að framan, sambærilegir þeim vöxtum sem seðlabanki viðkomandi aðildarríkis ákveður. Í báðum tilvikum skulu viðmiðunarvextir, sem eru í gildi á fyrsta almanaksdegi viðkomandi misseris, gilda á næstu sex mánuðum,

e) að lánardrottinn eigi rétt á að krefjast sanngjarnra bóta frá skuldunauti fyrir öllum viðkomandi innheimtukostnaði vegna dráttar á greiðslu hins síðarnefnda, nema skuldunauturinn beri ekki ábyrgð á töfnni. Þessi innheimtukostnaður skal vera í samræmi við meginregluna um gagnsæi og meðalhófsregluna að því er varðar skuldina sem um ræðir. Aðildarríkjunum er heimilt, samtímis því að virða meginreglurnar sem um getur hér að framan, að ákveða hámarksfjárhæð að því er varðar innheimtukostnað mishárra skulda.

2. Að því er varðar tiltekna flokka samninga, sem verða skilgreindir í landslögum, geta aðildarríkin ákveðið 60 daga hámarksfrest á vaxtagreiðslu, að því tilskildu að þau annaðhvort komi í veg fyrir að samningsaðilarnir semji um lengri frest eða ákveði bindandi vexti sem eru umtalsvert hærri en lögboðnir vextir.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samningur um greiðsludag eða um afleiðingar greiðsludráttar, sem ekki er í samræmi við ákvæði b- til d-liðar 1. mgr. og 2. mgr., skuli annaðhvort ekki vera aðfararhæfur eða leiða til skaðabóta-kröfu ef hann, þegar öll málsatvik hafa verið skoðuð, þ.m.t. góðar viðskiptavenjur og hvers eðlis varan er, er greinilega ósanngjarn gagnvart lánardrottni. Við ákvörðun á því hvort samningur er greinilega ósanngjarn gagnvart lánardrottni er m.a. tekið tillit til þess hvort skuldunauturinn hafi einhverja gilda ástæðu til að víkja frá ákvæðum b- til d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. Ef ákvarðað er að slíkur samningur sé greinilega ósanngjarn munu lögboðnu skilmálarnir gilda, nema dómstólar aðildarríkjanna setji önnur og réttmæt skilyrði.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að þau ráði yfir nægum og skilvirkum aðferðum, í þágu lánardrottna og samkeppnisáðila, til að koma í veg fyrir áframhaldandi notkun skilmála sem eru greinilega ósanngjarnir í skilningi 3. mgr.

5. Þær aðferðir, sem um getur í 4. mgr., skulu taka til ákvæða um að aðilum, sem er opinberlega viðurkennt að hafi fyrirsvar fyrir eða sem hafa lögmeata hagsmuni í að hafa fyrirsvar fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki, sé heimilt samkvæmt viðkomandi landslögum að fara með mál fyrir dómstóla eða fyrir lögbæra stjórnvinstofnun ef samnings-skilmálar, sem eru almennt notaðir, eru greinilega ósanngjarnir í skilningi 3. mgr., þannig að hægt sé að finna við-eigandi og skilvirkar leiðir til að koma í veg fyrir áframhaldandi notkun slíkra skilmála.

4. gr.

Áframhaldandi eignarhald

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við gildandi ákvæði landslaga, sem eru sett á grundvelli alþjóðlegs einkamála-réttar, sjá til þess að seljandi hafi áfram eignarhald á viðkomandi vörum þar til greitt hefur verið fyrir þær að fullu ef kaupandi og seljandi hafa með ótvíræðum hætti samið um áframhaldandi eignarhald áður en vörurnar eru afhentar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja eða halda í gildi ákvæðum um innborgun sem skuldunautur hefur þegar innt af hendi.

5. gr.

Innheimta óvefengdra krafna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðfararhæfur úrskurður, án tillits til þess hve há skuldin er, fái staðfestingu innan 90 almanaksdaga frá því að lánardrottinn leggur fram kæru eða beiðni hjá dómstóli eða lögbærri stjórnslustofnun, að því tilskildu að skuldunauturinn vefengi ekki skuldina eða hluta málsmeðferðarinnar. Skyldu þessari skulu aðildarríkin framfylgja í samræmi við viðkomandi innlend lög og stjórnslustofnir.

2. Samkvæmt viðkomandi innlendum lögum og stjórnslustofnir skulu sömu skilyrði gilda um alla lánardrottna sem hafa staðfestu í Bandalaginu.

3. Í 90 almanaksdaga frestinum, sem um getur í 1. mgr., skal ekki felast eftirfarandi:

- a) frestur til að birta málgögn,
- b) tafir sem lánardrottinn á sök á, t.d. sá tími sem fer í að leiðrétta beiðni.

4. Þessi grein skal vera með fyrirvara um ákvæði Brussel-samningsins um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum⁽¹⁾.

6. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslustofnir til að fara að tilskipun þessari fyrir 8. ágúst 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að halda ákvæðum í gildi eða setja ákvæði sem eru hagstæðari fyrir lánardrottna en þau fyrir mæli sem eru nauðsynleg til að fara að tilskipun þessari.

3. Við lögleiðingu þessarar tilskipunar er aðildarríkjunum heimilt að útiloka:

- a) skuldir sem eru til meðferðar í gjaldprotamáli, sem er höfðað gegn skuldunauti,
- b) samninga sem eru gerðir fyrir 8. ágúst 2002, og
- c) vaxtakröfur sem eru lægri en 5 evrur.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun, m.a. á lögboðnum vöxtum, samningsbundnum greiðslufresti og greiðsludrætti, að tveimur árum liðnum frá 8. ágúst 2002 til að meta áhrifin á verslunarviðskipti og hvernig löggjöfin reynist í framkvæmd. Niðurstöður úr þessari og öðrum endurskoðunum skulu lagðar fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum, ef við á, að endurbótum á þessari tilskipun.

7. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

8. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MARQUES DA COSTA

forseti.

⁽¹⁾ Samsteypt útgáfa í Stjtið. EB C 27, 26.1.1998, bls. 3.